

leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að þar eð honum hafi verið ávísað 50 kr. 121 af bráðabirgðauppbót þeirri til fátækustu brauða, sem veitt var með fjárlögum fyrir 25. maí. 1880 og 1881 12. gr. A. b. 1, og þessi upphæð nemur jafnmiklu og uppbót sú, er prestinum í Ögurþingum hefði borið fyrir hálfmissirið frá 6. sept.—6. desbr. f. á. hefði 2. gr. laga frá 4. nóvbr. f. á. þá verið í gildi; en þá hefðu Ögurþing eigi getað orðið neins aðnjótandi af tjeðri bráðabirgðauppbót — geti tillagi því, sem Ögurþingaprestakalli var veitt með tjeðum lögum, eigi orðið ávísað úr jarðabókarsjóði fyrr en frá 6. desbr. f. á. að telja, og hefi jeg skrifað landfógeta um að greiða nefnt tillag samkvæmt því, sem fyrir er mælt í ráðgjafabrjefi frá 11. nóvbr. f. á., fyrsta sinn 6. marz þ. á. og síðan 50 kr. á hverju hálfmissiri.

— Staðfesting konungs á skipulagsskrá styrktarsjóðs Hannesar Árnasonar til eflingar heimspökilegum vísindum á Íslandi.

122

Vjer Cristian hinn níundi, af guðs náð Danmerkur 26. maí.
**konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Hollsetalandi, Stór-
 mæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,**

gjörum kunnugt: Með erfðaskrá dagsettri 15. ágúst 1878 stofnaði sjera Hannes heitinn Árnason, kennari við prestaskólann í Reykjavík, sjóð, er nefnist „*Styrktarsjóður Hannesar Árnasonar til eflingar heimspökilegum vísindum á Íslandi*“; hefir landshöfðingi vor yfir Íslandi samið skipulags-skrá sjóðsins, og er frumrit hennar fest við brjef þetta. Með því nú að allrahæsta samþykkis vors á skipulags-skrá þessari hefir beiðzt verið og æskt, þá höfum vjer allramildilegast staðfest hana, eins og vjer með brjefi þessu staðfestum hana og samþykkjum; en staðfest eptirrit, samhljóða henni, hefir ráðgjafi vor fyrir Ísland til geymslu tekið.

Fyrirbjóðum vjer hverjum sem einum að tálma því, er að framan er ritað.

Svo gjört í vorri aðsetuborg Kaupmannahöfn 26. maí 1882.

Vort konunglegt innsigli.

(L. S.)

Að allramildilegustu boði hans hátignar konungsins.

J. Nellesmann.

Skipulagsskrá

styrktarsjóðs Hannesar Árnasonar til eflingar heimspökilegum vísindum á Íslandi.

1.

Sjóðurinn myndast af fje því, er sjera Hannes heitinn Árnason, kennari við 123 prestaskólann í Reykjavík gaf með arleiðslugjörð 15. ágúst 1878; var sjóðnum lagt fje 26. maí. þetta út, er búi arleiðanda var skipt, og borgaði *executor testamenti* landshöfðingjanum yfir Íslandi það 12. febr. 1881 með 30,315 kr. 43 a.

2.

Höfuðstól sjóðsins stýrir landshöfðinginn yfir Íslandi samkvæmt reglum þeim, er gilda um fje almennra stofnana. Um tekjur og gjöld sjóðsins skal hvert ár reikning gjöra og birta í B-deild Stjórnartíðindanna.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða; af ávöxtum skal fyrst taka upphæð þá, er greiða skal systur arleiðanda samkvæmt 5. gr., meðan hún er á lífi, en afganginn skal við höfuðstólinn leggja, unz hann hefir þeirri upphæð náð, að vextir af honum nægi til að greiða af þeim 4 ára styrk þann, sem á er kveðið um í 3. gr.

123

26. maí.

Þá er sjóðurinn kemur til afnota samkvæmt 2. gr., skal styrkinn veita 6. hvert ár; skal hann veittur nm 4 ár í senn, og gjörir landshöfðingi það eptir samráði við stiptysfirvöldin. Hvert sinn er styrkinn skal veita, eiga stiptysfirvöldin að annast um, að það verði auglýst 6 mánuðum fyrir fram; um bónarbrjef þau, er til þeirra koma, leita þau álita forstöðumannsins og forspjallsfræða-kennarans við prestaskólann og rektors lærða skólans í Reykjavík. Til þess að geta komið til greina við veitingu styrks af sjóðnum, eru skilyrðin þessi:

1. Að sá er í hlut á, hafi próf staðizt í forspjallsfræðum með 1 einkunn annaðhvort við háskólann í Kaupmannahöfn eða prestaskólann í Reykjavík;
2. Að hann færi sönnur á, að hann hafi fjörugan áhuga á vísindalegu námi, og einkum heimspekilegu; og
3. að hann sje kunnur að því að vera áreiðanlegur, ráðsettur og í alla staði vandaður maður

4.

Sá, sem styrknoti verður, fær 2000 kr. árlega af sjóðnum 4 ár samfleytt, þó með þeim nánari skilyrðum, er nú getur:

1. Eitt ár skal hann heimspeki stunda við Kaupmannahafnarháskóla, og skal hann sanna með vottorði frá hlutadeigandi prófessorum í heimspeki, að hann hafi hvort semester hlýtt á fyrirlestra tveggja prófessóra að minnsta kosti.
2. Því næst skal hann um tvö ár stunda heimspeki við einn háskóla á Þýzkalandi, þar er heimspeki og heimspekileg vísindi standa í beztum blóma, á hann og þar stöðugt að hlýða fyrirlestrum tveggja prófessóra að minnsta kosti í tjeðum vísindum og sanna það með vottorðum frá þeim.
3. Loks skal hann hið síðasta af þeim 4 árum, er hann nýtur styrksins, setjast að í Reykjavík og halda þar opinbera fyrirlestra um hina eða þessa grein heimspekinnar eður yfir eitthvert nafnfrægt rit frá eldri eða nýrri tímum, til að rekja það og skýra fyrir áheyröndum.

Enginn má styrksins lengur njóta en 4 ár.

Styrkinn skal greiða missiri hvert í þessi 4 ár, þá er styrknjóttandi sannar fyrir landshöfðingja, að hann hafi fullnøgt skilyrðum þeim, er áður eru fram tekin. Nú deyr styrknoti eða önnur atvik hamla því, að hin ákveðnu skilyrði verði uppfyllt, og skal þá leggja þann hlut styrksins, er svo sparast, til höfuðstóls sjóðsins og ávaxta á sama hátt. Þá er slíkt kemur fyrir, skal veita styrkinn aptur svo fljótt, sem unnt er, þótt eigi sjeu 6 ár liðin frá því, er hann var síðast veittur.

5.

Meðan systir arfleiddanda Sigríður jungfrú Árnadóttir á Gunnsteinsstöðum í Langa-dal í Húnavatnssýslu er á lífi, nýtur hún 400 kr. upphæðar árlega af vöxtum sjóðsins, og greiðist henni annar helmingurinn, 200 kr., 11. júní og hinn helmingurinn 11. desember ár hvert.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 26. apríl 1882.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

EMBÆTTISMAÐUR SETTUR.

20. dagjúlímánaðar var hjeraðslæknirinn í Rangárvallasýslu Bogi Pjetursson settur til þess ásamt sínu eigin embætti að þjóna 17. læknishjæraði, Vestur-Skaptafellssýslu frá 1. ágúst þ. á.